



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

20. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd. Haldinn miðvikudaginn 04.06.25 kl. 20.00 í kaffistofunni í Íþróttahúsinu Flúðum.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður og ritari, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður.

1. Íþróttamaður ársins

Fjórar tilnefningar bárust um íþróttamann ársins:

Arnór Karlson fyrir afrek hans í sundi og eru þau eftirfarandi:

- þrefaldur sigur hans á Unglingalandsmóti [130 keppendur frá HSK á Unglingalandsmóti UMFÍ | sunnlenska.is](#)
- verðlaun á héraðsmóti; [Bráðskemmtilegt héraðsmót HSK í sundi - DFS.is](#)
- Árið 2023 var hann tilnefndur sem íþróttamaður ársins hjá HSK. Hér, á bls.13 er umfjöllun um hann [arsskyrsla23_HSK-vefur_le7icv92txdx.pdf](#)
-

Aldís Fönn Benediktsdóttir fyrir afrek í frjálsum íþróttum en þau eru:

- Íslandsmeistara titill í 2000m hlaupi utanhúss stúlkna 15 ára.
- Íslandsmeistara titill í 4 x 400m boðhlaupi utanhúss stúlkna 15 ára.

Eypór Orri Árnasson, fyrir árangur í körfunnattleik:

- Eypór Orri var fyrirliði meistaraflokks Hrunamanna sem tók þátt í 1. deild, leikstjórnandi og lykilleikmaður liðsins. Í þessari gríðarlega sterku 1. deild er Eypór áttundi stoðsendingahæsti leikmaður deildarinnar. Eypór er mjög góð fyrirmynd yngri leikmanna. Hann hefur valið sér heilbrigðan lífsstíl, neytir engra vímuefna og vantar mataræði sitt mjög. Einnig er hann búinn að sanna sig sem flottan þjálfari en hann er aðal þjálfari yngri flokka deildarinnar.

Þórey Þula Helgadóttir fyrir árangur á sviði hestamennsku:

- Þórey Þula Helgadóttir varð Íslandsmeistari í samanlögðum fjórgangsgreinum ungmenna á heimaræktuðu hryssunni Hröfnu frá Hvammi1. Þær lentu í 4. Sæti í fjórgangi og 7-8. Sæti í tölti. Frábær árangur á þessari 7 vetra gömlu meri. Þórey er búin að sýna það og sanna að hún ætli sér langt í fremstu röð knapa landsins. Það mátti einnig sjá á Landsmótinu í sumar í A-flokki gæðinga þar sem hún átti afbragðs sýningu á Kjalari frá Hvammi 1. Þá var Þórey sýnileg á íþrótt og gæðingamótum ársins og stóð sig vel. Hún er bæði fyrirmynd innan sem utan vallar og íþróttamaður fram í fingurgóma.

Þeir íþróttamenn í Hrunamannahreppi sem unnið hafa Íslandsmeistaratitil á árinu skulu heiðraðir sérstaklega. Einnig skal heiðra þá einstaklinga í Hrunamannahreppi sem valdir hafa verið í landslið fyrir hönd sinnar þjóðar.

- Anna Katrín Víðisdóttir Íslandsmeistari fyrir Hamar/Þór 12. Flokk kvenna.
- Valdís Una Guðmannsdóttir Íslandsmeistarai fyrir Hamar/Þór 12. Flokk kvenna.

- Szymon Zamozniak Íslandsmeistari í blaki karla með Hamri 2024.
- Ungmennaflokkur sameiginlegs liðs Hrunamanna og Selfoss vann 2. deildina.

2. **Heilsuvikan**

Auglýsingum um viðburði í heilsuvikunni var skilað í pésann. Tilgangur þessa var að gera íbúa meðvitaða um viðburðinn og hvenær viðburðurinn yrði.

Næsti fundur verður í lok júlí.

Fundi slitið kl. 21.00